

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri.
Standgötu 6
220 Hafnarfjörður

GHE/ghe 00.01 10. október 2012

Á fundi heilbrigðisnefndar þann 1. október 2012 var fjallað um fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 og nauðsyn breytinga á gjaldskrá til samræmis við áætlunina.

Heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt að breyta gjaldskrá og leggur til að tímagjald samkvæmt gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit verði kr. 10.000. Minni háttar breytingar eru gerðar á öðrum liðum í ljósi reynslu.

Heilbrigðisnefnd vísar til meðferðar hjá aðildarsveitarfélögunum tillögum að breytingum á gjaldskrá vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits og vegna eftirlits með hundahaldi.

Heilbrigðisnefnd óskar þess sérstaklega að gjaldskrárnar verði teknar til meðferðar sem fyrst þar sem nauðsynlegt er að auglýsa þær tímanlega í stjórnartíðindum.

Með bréfi þessu fylgir:

Tillaga að gjaldskrá vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits.

Lagt er til að tímagjald breytist úr kr. 9.500 pr. klst. í kr. 10.000 pr. klst.

Tillaga að gjaldskrá vegna hundahalds

Lagt er til að skráningagjald vegna hunds breytist úr kr. 12.000 í kr. 12.600.

Virðingarfyllt,
f. h. heilbrigðisnefndar.



Guðmundur H. Einarsson,
framkvæmdastjóri.

